



Er í lagi að efast?

Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi

Sambands íslenskra sveitarfélaga



Árið er 1946

Fram hefur farið **gagnger endurskoðun á skólakerfi landsins** og ný fræðslulög sett um skólakerfi og fræðsluskyldu svo: „*Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.*“

1. Barnafræðslustig (7-13 ára)
yngri deild og eldri deild
2. Gagnfræðastig (13-17 ára)
Bókhaldsdeild, verknámsdeild og landsprófsdeild
Lindargötuskólinn (1969) með framhaldsdeild 5. og 6. bekkjar að loknu gagnfræðaprófi
3. Menntaskóla- og sérskólastig (16-20 ára)
4. Háskólastig (20 ára+)



Árið er 1974

Ný lög um skólakerfi taka gildi og **páttaskil verða í íslenskri skólasögu** og ríkjandi hugmyndum um menntamál og skólastarf með nýjum grunnskólalögum

1. Heildstæður grunnskóli innleiddur með 9 ára skólaskyldu og gagnfræðastig aflagt. Fræðsluskyldu komið á fyrir 6 ára börn
2. Framhaldsskólastig
3. Háskólastig



Árið er 1991

Ný grunnskólalög sett og markmiðsgreinin óbreytt frá 1974:

„Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi...“

- *Heildarlöggjöf um leikskóla sett 1991 og 1994 er hann skilgreindur sem fyrsta skólastigið*
- *Skólaskylda lögfest við 10 ár (1990)*
- *Fyrsta heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið komin fram (1988)*

Árin eru 1995/6, 2008, 2015, 2019...



En að hvaða leyti hefur skólaskipanin/ umgjörðin breyst frá 1974?

- Leikskólinn aðgengilegur öllum börnum í **5 ár** frá 12 mánaða aldri
- **10 ára** skyldunám í grunnskóla - í raun orðið að **12 árum** að umfangi
- Framhaldsskólinn er nú líka fyrir alla...a.m.k. í **2 ár** til 18 ára aldurs
- Bóknámsbrautir til stúdentsprófs stytta í **3 ár!**

ERUM VIÐ Á RÉTTU RÓLI 2019?



Árið er 2046...😊

frumberskúli – ungbarnaskóli – barnafræðsluskóli – forskóli – frumskóli – miðskóli – ungmennaskóli – gagnfræðaskóli – lýðskóli – leik(listar)skóli – grunnenntaskóli – verktækniskóli – vísindaskóli – tæknileikskóli – lista(grunn)skóli – íþróttaleikskóli – heilsuskóli – lýðmenntaskóli - ...eða bara einn...

allsherjarskóli

- HVAD ER BÖRNUNUM FYRIR BESTU - HVER VEIT ÞAÐ? ÞAU KANNSKI 😊

Takk fyrir áheyrnina!